



Gagnstreymi.

Litsmiðja Harðar

Hörður Agústsson hefur efnt til sýningar á einni hlið verka sinna á Kjarvalsstöðum. Þar kemur Hörður fram með verk, er hann hefur ekki látið frá sér fara áður, og eru þau gerð á sérstæðan hátt. Það er að segja: Hann notar lita- limbönd á hörðu plasti til að gera ýmsar tilraunir með samsetningu litar og forms. Allt er þetta unnið af mikilli nákvæmni og natni, hvergi farið inn á þær brautir að gefa hugmyndaflugi og mannlegum breyskleika lausan tauminn. Allt er fastmótað eftir optiskum leiðum og niðurstöður fengnar, eftir því sem listamaðurinn sjálfur segir. Þetta eru að sjálfsögðu merkileg vinnubrögð og geta orsakað margvíslegar niðurstöður, sem síðan virðast hneppar í stillfarveg, sem ekki er alveg nýr af nálinni, heldur hefur verið þróað af listamönnum eins og Vasarely og Riley á undanföllum áratugum, þótt heldur lítið hafi verið af svokallaðri Op-list á ferðinni hér úti á voru landi. Eitt aðaleinkenni þessarar myndgerðar er, hve mikil áhersla er lögð á að erta augað, ef svo mætti að orði kveða. Þetta hefur stundum orsakað mikil óþægindi fyrir þá, er horfa á þess konar verk, og jafnvel hefur stundum komið fyrir, að menn fá allt að því aðsvif. Eg verð að játa, að mér er ekki fyllilega kunnugt um leyndardóma og tilgang Op-listar, enda hefur hún ekki náð að komast að hjarta mér og engan verulegan áhuga hefur hún vakið fyrir þessu fyrirbæri hjá mér. Nú, um það er engum að kenna nema sjálfum mér, og auðvitað verð ég að súpa seyðið af áhugaleysi mínu.

Fyrir rúmu ári hélt Hörður Agústsson sýningu á verkum sínum í Norræna húsinu. Þar var hann á ferð með svo gerólik sjónarmið, að þessi sýning hans á Kjarvalsstöðum nú, kemur manni mjög svo á óvart. Jafnvel gæti þessi sýning verið eftir allt annan listamann og minnr vart á sýningu Harðar í fyrra. Þannig geta málin stundum þróast í aðrar áttir en maður hefði haldið. Því er það óneitanlega mikið stökk, er hér á sér stað hjá Herði. Hvort það er varanlegt eða ekki, verður tíminn að skera úr um. Hvort það

er til góðs eða hins verra, verður einnig að leggja í dóm tímans. Þannig getur listamaður staðið á krossgötum og gert manni ókleift að spá, hvað þá að koma fram með fullyrðingar.

Sá partur þessarar sýningar Harðar, sem ég hafði mesta ánægju af, eru þau verk, er hann kallar Samklippur frá 1955. Þar virðist mér Hörður koma fram sem einstaklega þroskaður og lipur málari. Þessi verk eru ekki stór að flatarmáli, en standa sannarlega fyrir sínu, hér sannast einu sinni enn sá aldni sannleikur, að það er ekki flatarmálið, sem gerir listaverk merkilegt, heldur hvernig það er samsett í lit og formi. Þessar litlu myndir Harðar eru að mínu áliti eitt það besta, er hann hefur gert á löngum ferli sem myndlistarmaður.

Því er ekki að leynd, að mér

Myndlist

eftir VALTÝ
PÉTURSSON

finnast litbandamyndir Harðar miklu síðri bæði í byggingu og lit. Sérlega fannst mér litirnir nokkuð hráir á stundum, og ekki komst ég raunverulega í snertingu við heildina. En það má sjálfsagt margt gott um þessa hluti segja, þótt mér bregðist bogalistin til að skilja og njóta þessarar myndgerðar.

Mjög snotur sýningarskrá fylgir þessari sýningu, og eru þar fróðlegar upplýsingar um sýningarferil Harðar. Einnig er þar grein eftir Einar Braga um Hörð og list hans. Helder finnst mér skáldið vera stórtækur í pistli sínum, og ég efast um, að Herði sé nokkur greiði gerður með því skrifu. En skáld hafa fullt leyfi til að standa undir nafni.

Þessi sýning Harðar Agústssonar er nýjung í sýningaflóði því, er nú gengur yfir hér í borginni. Hún er um margt fróðlegt og áhugavert. Því vil ég að lokum hvetja fólk til að sjá þessi nýju verk Harðar, og sjálfsagt verða skiptar skoðanir um svo óvenjulega sýningu.

Fróðleikur og forvitni



Agnar Kl. Jónsson

Agnar Kl. Jónsson:
Lögfræðingatal. 655 bls.
Ísafold. 1976.

RIT eins og Lögfræðingatal eru skrifuð sem fræðirit og handbækur en notast líka sem forvitnisbækur. „Hvaðan er hann?“ „Hvað er hann gamall?“ „Hver er konan hans?“ Og svo framvegis. Slíkar spurningar skjóta upp kollinum í samræðum fólks. Og þá er flett upp — bókin svarar. Persónuleg forvitni Íslendinga hefur veitt ritum af þessu tagi meira brautargengi en þau hefðu annars notið. Eg nefni Hver er maðurinn? Brynleifs Tóbiasonar og Samtöðarmenn séra Jóns Guðnasonar og fleiri. Eg nefni líka Kennaratal sem er þessara rita mest að fyrirferð. Sagt var að áður óupplýst einkamál sem ljóstrað var upp í því hefðu valdið hjónaskilnaði, einum eða fleiri. Kannski var það þjóðsaga, líkast til. Einu gildir, hún gefur sína vísbending fyrir því. Skemmst er að minnst að nokkrar ýfingar urðu vegna útgáfu Læknatal.

Lögfræðingatal er fræðirit. En það svarar líka flestum algengum forvitnisþurningum, nefnir fæðingarstað, fæðingardag og ár, maka og börn, skyldleika viðkomandi innbyrðis og þar fram eftir götunum. Einnig fylgir skrá yfir rit manna og harla mislög. Einn hefur ekkert skrifað, annar stutta ferðasögu í stúdentablað þegar hann var í Háskólanum, þriðji þau reiðinnar ósköp að ritaskráin fyllir fleiri síður.

Í þessu Lögfræðingatali eru æviágrip lögfræðinga sem lifðu fram yfir síðustu aldamót. En svo mjög hefur fjölgað í stéttinni, og fjölga enn, að þetta er ungra manna tal fremur en aldinn. Konur í lögfræðingastétt eru hlutfallslega fáar en fer sýnilega fjölgandi, meðalaldur þeirra í ritinu er örugglega mun lægri en karla. Ef tekin eru tuttugu fyrstu höfnin kemur í ljós að 14 þeirra eru enn á lífi. Af þeim er 1 fæddur í sveit, 8 í Reykjavík, 4 í þéttbýlisstöðum utan höfuborgarinnar og 1 erlendis. Meðalaldur þessara lögfræðinga eru tæp 48 ár. Sá elsti er 71 ára, hinn yngsti 29 ára, ein kona er í þessum hópi, þrítug.

Í rauninni kemur þetta rit á réttum tíma nú þar er lögfræðingastéttin er talsvert í sviðsljósinu. Dómsmálin eru ofarlega á baugi. Ennfremur er rætt um starfsemi ýmissa „praktiserandi“ lögfræðinga. Astandið í þjóðfélaginu veldur

því að margur þykist þurfa á lögfræðiaðstoð að halda. Aðrir ráðfæra sig við lögfræðing vegna þess að þeir álita að juristi kunni á fjármálaspinlin og geti kennt manni að græða. Það álit mun sprottið af því að sumir lögfræðingar stunda fjármálastarfsemi — fasteignasölu og því um líkt. Fólk þykist því

Bókmenntir

eftir ERLEND
JÓNSSON

mega ganga að því visu að lögfræðingur kunni að útfylla víxileyðublað og viti hvað ávísanareikningur er svo ekki sé meira sagt.

Höfundur upplýsir í þrýðilegum inngangi að „af lögfræðingum í þessu riti eru nú 625 á lífi.“ Þar af eru „praktiserandi“ lögfræðingar, málflutningsmenn og svo framvegis, langflestir eða 197. Sýslumenn, bæjarfógetar og lögreglustjórar eru 65 og dómáram og þeirra fulltrúar jafnmargir. Þá er upplýst að í Stjórnarráðinu starfi 54 lögfræðingar. „Loks eru í lögfræðingastéttinni.“ segir höfundur, „1 skáld, 1 rithöfundur og 1 leikari.“ Vitalega eru svo lögfræðingar í ýmsum öðrum störfum, t.d. allmargir í viðskiptalífnum. Af því sést að þetta er ekki í reyndinni ein stétt heldur margar. Gegnir að því leyti öðru máli um lögfræðinga en t.d. lækna og verkfræðinga sem — með afar fáum undantekningum — gegna þeim störfum sem þeir hafa beinlínis með námi sínu búið sig undir að gegna.

Er þá enn ótalið það starfsviðið sem lögfræðingar hafa nánast lagt undir sig á seinni árum, ekki aðeins hærlandis heldur einnig í flestum löndum heims, það er að segja stjórnsmálin. Eitt meginverkefni þjóðþinga er að setja lög og því mun þykja henta að þar

sitji lögfræðingar. Ekki eru þó allir ánægðir með það mikla lögfræðingaveldi. Óttast að sjónarmið þeirra verði einhliða ríkjandi en önnur viðhorf komist ekki að. Fyrstu áratugina eftir endurreisn Alþingis voru prestar þar yfirgnæfandi. Smám saman týndu þeir tölunni þar til þeir mega nú heita horfnir af stjórnsmálasviðinu. Lögfræðingarnir hafa tekið við. Lögfræðingatal veitir því meiri vitneskju um íslenska stjórnsmálamenn en önnur hliðstæð „töl“.

Þessi árin fjölga háskólastudentum gífurlega. Enginn virðist óttast að þeir fái ekki allir starf við hæfi að námi loknu. Svo andvaralausir hafa menn þó ekki alltaf verið. Fyrst eftir stríð, þegar stúdentum tók að fjölga, og það mikið á þeirrar tíðar mælikvarða, var alltaf verið að benda háskólastudentum á að þeir væru að verða allt of margir fyrir prestaköllin, læknishéruðin og sýslurnar. „Komið ykkur á sjóinn.“ sögðu forsvarsmenn háskólans gjarnan, örvilnaðir yfir þróuninni. Iskyggilegast leist þeim þó á sívaxandi fjölgun í lagaeild.

Þetta nýja Lögfræðingatal sannar okkur að þeir höfðu að því leyti rétt að mæla að ekki gátu allir þessir lögfræðingar orðið sýslumenn, langt frá því. Mergerinn málsins er hins vegar sá að þeir litu á Háskólann sem embættismannaskóla einvörðungu þar sem menn virðast nú horfa til hans sem eins konar alþjóðskóla þar sem öllum skuli frjálst að nema aðeins ef þá langar til þess. Þegar lítið er til baka sést best hve feikilega skuld hefur skyggt fyrir sjón á undanföllum áratugum, hversu þjóðfélagið og heimurinn hafa breyst ört, hve spádomar hafa átt erfitt með að rætast. Mörgu getum við breytt en ekki framrás tímans, jafnvel þó við streitumst á móti með jarðytu.

Höfundur þessa Lögfræðingatal segist hafa leitað til lögfræðinga eftir upplýsingum og hafi svör borist „frá þeim nálega öllum“. — Sem sagt ekki alveg öllum! Um myndirnar segir hann að „allir eldri lögfræðingar, sem hafa óskað þess, hafa fengið að skipta um mynd.“ Ekki hafa þó allir óskað þess því þarna getur að líta svo gott sem fermingarmyndir af mönnum sem nú teljast vel miðaldra. Slíkt telst þó til undantekninga. Sem heild er rit þetta vel unnið og sómir sér vel við hlið sambærilegra rita frá undanföllum árum.